



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Siglufirði, 29. nóvember 2023

**Efni: Andmæli varðandi tillögu um að afnema tollfrelsi skemmtiferðaskipa
Þingskjal 509 - 468. mál**

Leiðangursskip og smærri skemmtiferðaskip hafa siglt til Siglufjarðar frá því um aldamótin 2000. Undanfarin 14 ár hefur sveitarfélagið Fjallabyggð með markvissum hætti markaðssett Siglufjarðarhöfn sem ákjósanlegan áfangastað slíkra skipa. Árangurinn er sýnilegur og hefur slíkum skipakomum fjölgað úr einni til þremur á ári í riflega þrjátíu.

Farþegar skemmtiferðaskipa sem koma til hafnar á Siglufirði sækja fjölbreytta afþreyingu á staðnum; heimsækja söfn og setur, súkkulaðikaffihús og bruggverksmiðju auk þess sem þeir sigla um fjörðinn með heimafólki, róa á kajak, ganga til fjalla og kynnast einstöku fuglalífi fjarðarins. Þessir farþegar eru samfélaginu dýrmætir og skapa umræddar skipakomur ekki eingöngu höfninni viðbótartekjur, heldur eru þær dýrmæt tekjulind ýmissa ferðapjónustufyrirækja og menningarstofnana í samfélaginu.

Fyrirhuguð tillaga um að afnema tollfrelsi skemmtiferðaskipa mun grafa undan þeirri miklu uppbyggingu sem orðið hefur víðsvegar um landið á þjónustu við farþega skemmtiferðaskipa, og að öllum líkindum mun afnám tollfrelsis fæla frá einmitt þann hóp skipa sem heimsækir Siglufjörð og fleiri smærri hafnir landsins; leiðangursskipin. Þau hafa í auknu mæli skipulagt hringsiglingar um landið og koma mörg hver til hafnar allt að tíu til tólf sinnum í sömu höfninni yfir sumartímann. Farþegar þeirra fljúga til og frá landinu og höfð eru farþegaskipti í Reykjavík eða Hafnarfirði. Margföldunaráhrif af komum leiðangursskipa og farþega þeirra út í samfélagið eru umtalsverð, farþegarnir kaupa flugfargjöld, hótulgistingu, afþreyingu í ólíkum höfnum, þjónustu og aðrar vörur. Skipafélögin sjálf kaupa eldsneyti, kost, varahluti og ýmisskonar þjónustu á Íslandi á meðan hringsiglingum þeirra stendur.

Hætt er við því að hringsiglingar um Ísland og dýrmætar heimsóknir til smærri hafna heyri sögunni til verði tollfrelsi skemmtiferðaskipa afnumið. Þá er jafnframt vert að benda á að hróplegt ósamræmi þykir að stærri skemmtiferðaskip, sem hefja eða enda siglingar sínar í erlendum höfnum, myndu áfram njóta tollfrelsis. En þau skip sigla ekki á smærri hafnir, sem ekki hafa bolmagn til að taka á móti þeim eða þjónusta þúsundir farþega. Leiðangursskipin eru mörgum smærri sveitarfélögum og höfnum dýrmæt tekjulind og farþegar þeirra mikilvægur þáttur ferðapjónustunnar.

fyrir hönd Fjallabyggðarhafna,

Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri Fjallabyggðar og hafnarstjóri Fjallabyggðarhafna

Anita Elefsen, umboðsmaður farþegaskipa í Fjallabyggð og safnstjóri Síldarminjasafns Íslands